

Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Grindavík

12. apríl 2010, kl. 17:00-19:00

15 gestir

Fundarfrásögn: Helga Barðadóttir

Fjöldi: 30 (3 konur!!!)

Svanfríður flutti stuttan inngang að verkefninu og starfinu og lagði áherslu á að umsagnarferli sé í fullum gangi og hægt sé að koma á fram formlegum athugasemdum til verkefnisstjórnar til 19. apríl. Jafnframt ítrekað að mikið efni sé að finna á heimasíðu verkefnisins.

Fundarfrásögn frá fundinum verður nýtt sem hluti af niðurstöðum umsagnarferlisins.

Tillögu verkefnisstjórnar skilað sem tillögu að til þingsályktunar.

Frumvarpið ekki komið fram enn og því beðið eftir því hver verður framgangur frumvarpsins.

Mikil áhersla á að kynna verkefnið fyrir stjórnámálamönnum, bæði á sveitarstjórnarstigi og þingmönnum.

Bæði athugasemdir frá kynningarfundum sem og formlegar athugasemdir sendar verkefnisstjórn í umsagnarferli verðu nýtt í lokavinnunni.

Guðni kynnti vinnu faghóps IV og III, Anna kynnti niðurstöður faghóps II og að lokum kynnti Þóra Ellen niðurstöður faghóps I.

Þóra fór í gegnum röksemdafærslu fyrir þá leið sem faghópur 1 fór í sinni vinnu, líkt og hún gerði á fundinum í Þjóðminjasafni 26. mars sl.

Geir Þórólfsson, HS orku - jarðhitasérfræðingur

Til Önnu og fagh. II

Mat á virkjun inn á ákveðið land (svæði) og hvernig var það metið

Segir jarðhitafræðinga ekki sammála um hvernig jarðhitasvæði séu skilgreind.

Til Þóru

Varðandi Torfajökulssvæðið, spyr af hverju það hafi verið metið sem ein landslagsheild. Honum finnst þetta stórt svæði og því getað verið margar landslagsheildir.

Veltir því fyrir sér hvernig hugtakið sé skilgreint.

Árni Sigfússon, bæjarstóri Reykjanesbæ

Þakkar fyrir fína vinnu og þakkar bara kærlega fyrir þetta allt!

Árni var með hugleiðingar og sló því fram að hægt sé að snúa út úr öllu

„Þegar metnar eru aðgerðir á fuglalíf – gætu eins átt við aðgerðir á mannlíf -tekur sem dæmi aðstæður á Reykjanesi og við hvaða aðstæður lífveran maður á svæðinu býr– Efnahagslega og félagslega.

Mætti velta þessu betur fyrir sér – mikið atvinnuleysi – lágar atvinnutekjur – þurfa menn að flýja aðstæður eins og Krían !!!

Hefur verið skoðað hver áhrif virkjana eru á lífveran „maður“

Reykjanes – vilja sjá virkjanir en spyr sig um leið hvaða áhrif það hafi á náttúrugæði svæðisins.

Júlíus Jónsson

Tafla á bls. 60 um afkasta getu svæða, vill ítreka að þetta verði ekki notað fyrir einstök svæði Segir Torfasvæðið mjög víðfemt og finnst að röksemdin fyrir því að taka það sem eina heild í matinu hafi verið „af því bara“ þó að svæðin séu ekki samtengd, en svo sé Hellisheiði tekin í mörgum svæðum og Austur-Engjar og Seltún í Krísuvík sett sem fleiri svæði.

Segir þetta mjög stóra ákvörðun því með þessu sé verið að afskrifa 30% af jarðhita landsins.

Búlandsvirkjun – spyr hvort rétt sé að einn hópurinn hafi gleymt henni í sínu mati.

Þakkar fyrir starfið og kynninguna og leggur áherslu á að þessu verði lokið svo fyrirtækin verji sínum kröftum og peningum í þá kosti sem leyft verði að virkja.

Þarf að fara að nota þessa vinnu raunverulega – fá niðurstöður sem fyrst og vernda það sem vernda þarf.

Spyr Önnu um það hvað hún telji að komið hefði út úr mati vegna áhrifa á ferðamennsku ef hún hefði verið metin á sínum tíma.

Guðmundur, situr í bæjarstjórn Grindavíkur

Virkjanakostir sem verða leyfðir eða hafnað

Veltir því fyrir sér hver sé staða skipulagsyfirvalda á hverjum stað - hafa þau eitthvað um það að segja

Kristinn Reykjanesbæ

Hafa áhrif virkjana á vegagerð verið metin – er vegagerðin ekki oftast í plús?

Svanfríður:

Niðurstaðan gæti orðið sú að verkefnisstjórn mælti með að ákv. kostir færu í formlega leyfisveitingarferlið en nýtingarflokkur þýðir ekki endilega virkjun.

Anna

Svarar Geir

Hvernig átti að gera þetta. Ekki auðvelt en skemmtilegt. Vísar á bl.s 39. Stærð, heild, fágæti og allir þeir þættir sem gætu haft áhrif á þann sem skoðar. Fegurð, þolmörk, fjöldi ferðamanna.

Lotning og helgidómur – ímynd staða svo sem Gullfoss og Dettifoss.

Afþreyingarmöguleikar – allt metið í verðmætum

Vegirnir – hvaða innviðir eru í dag svo sem vegir og merkingar er tekið með og allt fékk einkunnir.

Sumt var í plús þó endalegt mat hafi ekki endilega verið í plús.

Ferðamaðurinn þarf ekki endilega að fá hraðbraut.

Allir þættir teknir með og svo öll svæði fengu einkunn. Raflína hafði t.d. áhrif á ferðasvæði. Þess vegna er Torfajökulssvæðið svo hátt.

Virkjanalýsingar á Torfajökulssvæðinu svo takmarkaðar og það hafði áhrif á að svæðið var tekið sem ein heild. Mikilvægt sem víðerni fyrir þá tegund ferðamanna sem ekki kæra sig um mikla innviði.

Metið út frá þeim markhópi sem sækir svæðið núna.

Reynt að taka manninn með, en er ekki auðvelt að gera það.

Svartsengi 1970: Ímyndin var slík þá að menn hefðu haldið að það hefði engin áhrif.

Bláa lónið hefur hjálpað mikið ísl. ferðamennsku.

Eldvörp – matið nú er að virkjanaframkvæmdir myndu ekki hafa mikil áhrif á ferðamennsku og útivist.

Reyndu að meta og setjast í spámannssvæðið varðandi svæði sem lítið eru sótt í dag.

Svæði geta orðið verðmætari með því að halda þeim án innviða.

Þóra:

Varðandi Torfajökulssvæðið til Geirs.

Allir í fagh. sammála um að þetta væri vel skilgreind landslagsheild og að askjan væri vel skilgreind jarðfræðileg heild. Yfir 30 ár síðan náttúruverndaryfirvöld viðurkenndu svæðið sem verndarheild og friðland. Friðandið nær ekki yfir alla öskjuna og ástæðurnar gætu verið tæknilegar – allar friðlýsingar þá dregnar milli mældra punkta á korti.

Er lítt raskað víðerni og faghópurinn taldi þetta líka óröskuð sjónræn heild.

Tekur undir orð Önnu að þó þessu hefði verið skipt upp þá hefði niðurstaðan líklega orðið svipuð.

Júlíus nefndi að öðrum svæðum hefði verið skipt meira upp. Gæti hafa verið ástæða til að meta t.d. Reykjanesið í heild en þar skiptast á mikið og lítið röskuð svæði.

Mikil náttúrusvæði á Reykjanesi – Brennisteinsfjöll stærsta víðernið í nágrenni höfuðb.sv.

Krýsuvík er líka mjög verðmætt svæði. Verðmætin eru mest á Reykjanesi en líður fyrir að vera býsna raskað, hefði fengið aðra og hærra einkunn ef það hefði verið metið óraskarð.

Guðni

Áhrif virkjana á mannlíf. Verkefni fag. III (svarar Árna)

Áhrif metin á atvinnulíf en ekki beint á hugarástand. Vægi á stöðuna á viðkomandi svæði

Þennslu- eða samdráttaráhrif ekki tekin inn þar sem þau séu ekki varanleg.

Meiri samdráttur á einu svæði frekar en öðru. Ástæðan er sú að þetta er röðun og því ættu áhrifin að vera svipuð á öllu landinu.

Rétt hjá Júlíusi varðandi matið á bls. 60 að það er fyrir heildina og þar eru hágildi og lággildi og þar geta menn valið.

Búlandsvirkjun gleymst???

Virkjanakosturinn kom mjög seint fram og því ekki hægt að meta sem skyldi, er líkt því sem heitir Skaftárvirkjun.

Varðandi spurninguna um hvort skipulagsyfyrvöld hafi eitthvað að segja.

Verkefnisstjórn spyr sig hvort einhverjir aðrir hafi í raun einhver völd en skipulagsyfyrvöld á hverjum stað, þ.e. í því sveitarfélagi sem virkjun er í.

Hvort virkjanir eru samþykktar, þá koma ýmsir þættir inn, svo sem m.á.u og mat á auðlindinni hjá OS.

Tekur dæmi um Bitru-virkjun og afstöðu Ölfushrepps og Hveragerðisbæjar.

Þorvaldur Örn Árnason – form. skipulags og umhverfisnefndar í Vogum.

Tekur undir og fagnar að áhersla sé lögð á óröskuð víðerni – hvernig var nálægð við fjölbyggð og fjölfarin svæði vegin í matinu?

Svæðið á Reykjanesi. Eldfjallagarður – náttúruvernd og ferðamennska – styrkurinn að vera nálægt Rvk og flugvellið í Kef. Margir sem geta nýtt svæðið án mikils tilkostnaðar og orku!

Hvernig Svartsengi hefði verið metið fyrir 40 árum

Reykjanes metið fyrir 50 árum. Var ofarlega í næstsíðustu náttúruverndaráætlun – gekk illa að vinna eftir áætlunina en virkjunin gekk vel.

Telur það hafa haft áhrif á það mat sem nú er unnið.

Hvernig hefði Reykjanes verið metið fyrir 10 árum. Kannski skiptir ekki máli hvort er virkjað eða ekki en frekar hvernig er virkjað.

Vísar í hólur við Trölladyngju – lítil eyðilegging af 1. hólunni en næsta hola skemmdi og talið útilokað þá að skáboru. Í Vogunum var lögð áhersla á m.á. u.

Nú er gert borplan í dyrunum á Sogunum.

Leggur á herslu á að það skipti máli hvernig er rannsakað og hvernig er virkjað.

Kristinn

Álítur faghópurinn að óskir og langanir mismunandi ferðahópa séu ósamrýmanlegir

Póra

svarar Þorvaldi

Nálægð við fjölfarin svæði var ekki tekið með í matið. Í 1. áf. var reynt að meta í þremur flokkum.

Hér var metið á landsvísu. Reyndar voru Brennisteinsfjöll metin sérstaklega og nálægð við þéttbýlið eykur á verðmæti þess.

Fyrir 10 árum hefði svæðið verið metið mun verðæmtara. Hverasvæðin hafa breyst, gróður sviðnað . Landslag líka verð verðmættar fyrir virkjun.

Varðandi Sogin. Sýnir að þegar farið er með rannsóknarboranir inn á lítið röskuð svæði að það hefur mikil sjónræn áhrif.

Verðmætaeinkunn, hana var reynt að vinna á sem hlutlægastan hátt og unnið út frá gögnum AHP röðun og sérstakt mikilvægi – verður matskenndara.

Áhersla á stórar óraskaðar landslagsheildir sem beri að vernda í ísl. náttúru.

Anna

Svarar Þorvaldi. Mikið frumkvöðlastarf unnið í faghópi II.

Stefnt að því að þetta nýtist inn í landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku.

Fjarlægð frá markaði – hvað er markaður? Upphaflega horft á Reykjavíkursvæðið en þá hvað með Mývatn?

Þjóðvegur 1 varð markaðurinn. Olli því að það varð ekki eins mikið þúst fyrir svæðin í kringum höfuðborgarsvæðið eins og þau hefðu átt að fá.

Verðmæti óraskaðra svæða eykst eftir því sem þeim fækkar.

Áhrif á mat á svæðum sem búið er að raska -það fær lægra verðmætamat fyrir þá þætti svo sem óröskuð svæði en áhrif af nýrri virkjun hefði ekki mikil áhrif á ferðamennsku.

Virkjanir í Neðri Þjórsá – ekki talið hafa mikil áhrif á ferðamennsku en skiptir máli að gera það smekklega þar sem virkjanirnar eru í manngerðu landslagi.

Svarar Kristni

Samrýmanlegir hópar ferðamanna. Varð hissa að hitta fólk sem ekki ætlaði í Bláa lónið. Þeir sem baða sig í Öskju er annar markhópur en fer í Bláa lónið. Miklir möguleikar í því að sinna þjónustu og að halda víðerni og öröskuðu.